

Snorri Sigfús Birgisson:

Níu lög að vestan (2016)

fyrir mezzó-sópran & píanó

1. Fylli vindur voðirnar
2. Gleðisólin glóir bjarta
3. Mörgum þykir mesta kvöl
4. Eg hef fengið af því nóg
5. Gyllir sjóinn sunna rík
6. Þeysti góa
7. Þarna liggur hún Þuríður heitin
8. Vetur
9. Sæförin

Lagaflokkurinn *Níu lög að vestan* varð til í Kaupmannahöfn í sumar leið. Um er að ræða útsetningar fyrir mezzó-sópran og píanó á níu þjóðlögum sem varðveitt eru hljóðrituð í þjóðfræðasafni *Stofnunar Árna Magnússonar* og aðgengileg á netinu (ismus.is). Heimildarmennirnir sem syngja lögina í upptökunum eru allir fæddir á ofanverðri nítjándu öld og voru komnir á efri ár þegar þeir sungu inn á segulband. Það er ekki alltaf auðvelt að heyra orðaskil hjá þeim en sá sem hlustar á lög úr þjóðfræðasafninu verður þess fljótt áskynja að ekki eiga allar vísur sér eina og aðeins eina stemmu og ekki eru öll lög einungis sungin með einni vísu. Það lá því beint við í nokkrum tilfellum að nota önnur kvæði en þau sem heimildarmennirnir sungu og það var auðvelt að finna kveðskap eftir tvíburasysturnar Herdísi og Ólínu Andrésdætur (fæddar 1858) til að hafa með sumum laganna (nr. 3, 4, 6, 8); og í einu lagi (nr. 9) er sungið kvæði eftir Steingrím Thorsteinsson (1831-1913) en hann var fæddur á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Lögina nr. 1, 2, 5 og 7 eru sungin með sömu textum og heimildarmennirnir syngja.

Lagaflokkurinn *Níu lög að vestan* er tileinkaður Hönnu Dóru Sturludóttur. Öll lögina eru úr Dalasýslu en þangað á hún ættir að rekja.